

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjómannafélag Íslands
hins vegar
gera með sér eftirfarandi
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila
vegna Hafrannsóknarstofnunar

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila, framlengist frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja samkomulagi þessu:

1.4.2024	3,25% eða 23.750 kr.
1.4.2025	3,50% eða 23.750 kr.
1.4.2026	3,50% eða 23.750 kr.
1.4.2027	3,50% eða 23.750 kr.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024	106.000 kr.
Á árinu 2025	110.000 kr.
Á árinu 2026	114.000 kr.
Á árinu 2027	118.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024	58.000 kr.
Á árinu 2025	60.000 kr.
Á árinu 2026	62.000 kr.
Á árinu 2027	64.000 kr.

Ný grein 1.8 tekur gildi 1. apríl 2025

- 1.8.1 Sjómenn í áhöfn hafrannsóknarskipa skulu fá greidda mánaðarlega álagsþóknun vegna, vinnuumhverfis og aðbúnaðar sem reiknast 5% af mánaðarlaunum skv. grein 1.1.1 og reiknast af sama launaflokki og álagsþrepi og mánaðarlaun viðkomandi starfsmanns.

4. gr.

Um vinnutíma

Eftirfarandi breytingar taka gildi frá 1. september 2025

Grein 2.4.4 breytist og verður svohljóðandi:

- 2.4.4 Fyrir hvern laugar- og sunnudag, sérstakan frídag og stórhátíðardag utan heimahafnar ávinnur starfsmaður sér 1,5 frídag.

Grein 2.4.13 breytist og verður svohljóðandi:

- 2.4.13 Heimahöfn rannsóknarskip teljast vera hafnarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

6. gr.

Mæðravernd og tæknifrjóvgun

Við bætist ný grein 13.3 verður svohljóðandi:

13.3 Mæðravernd og tæknifrjóvgun

- 13.3.1 Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar og skulu halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns), þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.
- 13.3.2 Þeir starfsmenn sem þurfa að vera fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga. Starfsmaður skal skila vottorði frá viðkomandi lækni.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Kjarasamningur þessi er gerður í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024. Komi til þess að launa- og forsendunefnd ASÍ og SA ákveði launa- eða kjarabreytingar vegna forsendubrests skulu samningsaðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting gildi fyrir samning þennan. Slíkar breytingar skulu skila sambærilegum kjarabreytingum og á almennum markaði enda feli þær ekki í sér breytingar á kjörum sem þegar er að finna í kjarasamningi aðila.

Komi til þess að kjarasamningum á almennum markaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjöllum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 29. ágúst 2025 telst hann samþykktur.

Reykjavík 19. ágúst 2025

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
með fyrirvara um samþykki

f.h. Sjómannafélags Íslands,
með fyrirvara um samþykki

**Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjómannafélags Íslands
vegna Hafrannsóknarstofnunar
Reykjavík 19. ágúst 2025**

Bókun 1

Samningsaðilar eru einhuga um að stofnanir ríkisins eigi að vera eftirsóknarverðir vinnustaðir bæði hvað varðar vinnuumhverfi og launakjör. Sú umgjörð sem kjarasamningar og launakerfi skapa þarf því að vera í stöðugri endurskoðun og þróun.

Skipaður verði sérstakur vinnuhópur með að lágmarki einn fulltrúa frá hverju félagi*, tvo frá Samninganefnd ríkisins og tvo frá Hafrannsóknarstofnun. Skál hópurinn kortleggja kjarasamninga og stofnanasamninga viðkomandi félaga við stofnunina, skoða innbýrðis launaröðun stétta með tilliti til m.a. hæfni, álags, ábyrgðar og vinnuaðstæðna. Skál hópurinn skila tillögum að breytingum á kjarasamningum og eftir atvikum stofnanasamningum þannig að bæði henti og taki mið af starfsumhverfi sjóstétta hjá stofnuninni, starfsemi og þörfum Hafrannsóknarstofnunar.

Hópnum er heimilt að kalla til óháðan aðila til ráðgjafar vegna ofangreindrar vinnu. Kostnaður vegna þess deilist jafnt á samningsaðila.

Vinnuhópurinn starfar undir fundarstjórn ríkissáttasemjara og skila tillögum sínum fyrir lok samningstímans.

*VM-Félag vélstjóra og málmiðnaðarmanna, Félag skipstjórnarmanna og Sjómannafélag Íslands.

Bókun 2

Launatöfluauki

Í viðauka með kjarasamningi þessum er samið um launatöfluauka fyrir kjarasamningstímabilið 2024-2028. Þar sem Sjómannafélag Íslands er ekki hluti af heildarsamtökum og ekki er til sérstök mæling fyrir það á launavísitölu þá eru aðilar sammála um að launatöfluauki, komi hann til framkvæmda samkvæmt forsendum viðaukans, verði sá sami og hjá félögum í ASÍ, á samningstímabilinu vegna félagsmanna Sjómannafélags Íslands hjá Hafrannsóknarstofnun.

Bókun 3

Útgáfa heildarkjarasamnings

Aðilar eru sammála um að gefa út nýjan heildarkjarasamning. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 31. desember 2025.

Fylgiskjal
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjómannafélags Íslands
vegna Hafrannsóknarstofnunar
Reykjavík 19. ágúst 2025
Launatöflur sem gilda á samningstímanum.

Launatafla sem gildir frá 1. apríl 2024

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	428.569	439.283	449.998	460.712	471.425	482.140	492.854	503.568	514.283
2	436.285	447.191	458.099	469.006	479.913	490.821	501.727	512.634	523.542
3	444.169	455.274	466.378	477.482	488.586	499.691	510.794	521.899	533.004
4	452.224	463.530	474.835	486.142	497.447	508.753	520.059	531.364	542.670
5	459.452	470.938	482.424	493.911	505.397	516.883	528.369	539.856	551.342
6	466.857	478.528	490.200	501.872	513.543	525.215	536.886	548.557	560.229
7	474.446	486.307	498.168	510.030	521.891	533.752	545.613	557.474	569.335
8	482.228	494.284	506.339	518.395	530.451	542.507	554.562	566.618	578.674
9	490.204	502.460	514.714	526.970	539.225	551.480	563.735	575.990	588.246
10	498.378	510.838	523.298	535.756	548.216	560.676	573.135	585.594	598.054
11	506.961	519.635	532.310	544.983	557.657	570.332	583.006	595.679	608.354
12	516.295	529.202	542.110	555.017	567.924	580.832	593.739	606.647	619.554
13	525.858	539.005	552.151	565.298	578.445	591.591	604.738	617.884	631.031
14	535.662	549.054	562.446	575.838	589.229	602.621	616.012	629.403	642.795
15	545.711	559.353	572.997	586.640	600.282	613.925	627.568	641.210	654.853
16	556.011	569.911	583.812	597.712	611.612	625.512	639.413	653.313	667.213
17	563.577	577.666	591.756	605.845	619.935	634.024	648.113	662.202	676.293
18	571.405	585.690	599.976	614.261	628.546	642.831	657.116	671.401	685.687
19	579.504	593.992	608.480	622.967	637.455	651.943	666.430	680.917	695.405
20	587.878	602.576	617.273	631.969	646.666	661.363	676.060	690.757	705.455
21	596.541	611.454	626.368	641.282	656.195	671.108	686.022	700.936	715.849
22	605.132	620.261	635.389	650.517	665.646	680.774	695.902	711.030	726.159
23	613.796	629.140	644.485	659.830	675.175	690.520	705.865	721.209	736.555
24	623.234	638.816	654.397	669.978	685.558	701.139	716.720	732.301	747.881
25	633.455	649.291	665.127	680.964	696.800	712.637	728.474	744.310	760.146
26	643.910	660.008	676.105	692.203	708.301	724.399	740.497	756.594	772.692
27	656.109	672.512	688.914	705.317	721.720	738.123	754.526	770.928	787.331
28	668.594	685.308	702.022	718.737	735.452	752.167	768.882	785.597	802.311
29	682.016	699.066	716.116	733.167	750.217	767.268	784.318	801.368	818.419
30	695.760	713.154	730.548	747.942	765.336	782.730	800.124	817.518	834.912
31	711.676	729.468	747.259	765.052	782.843	800.636	818.427	836.219	854.011
32	727.973	746.173	764.372	782.572	800.771	818.970	837.169	855.369	873.569
33	743.957	762.556	781.155	799.754	818.353	836.952	855.551	874.150	892.749
34	760.333	779.341	798.350	817.358	836.366	855.375	874.383	893.391	912.400
35	778.829	798.299	817.770	837.240	856.712	876.183	895.653	915.124	934.594
36	798.081	818.033	837.985	857.937	877.889	897.841	917.794	937.746	957.698
37	817.814	838.259	858.705	879.150	899.595	920.040	940.486	960.931	981.377
38	838.042	858.993	879.944	900.895	921.846	942.798	963.749	984.700	1.005.651
39	858.775	880.244	901.713	923.182	944.652	966.121	987.591	1.009.060	1.030.530
40	880.026	902.027	924.028	946.028	968.029	990.030	1.012.030	1.034.031	1.056.032
41	901.808	924.354	946.898	969.444	991.989	1.014.534	1.037.079	1.059.625	1.082.169
42	924.134	947.238	970.341	993.445	1.016.548	1.039.651	1.062.755	1.085.858	1.108.962
43	947.019	970.694	994.370	1.018.046	1.041.721	1.065.396	1.089.072	1.112.748	1.136.423
44	970.476	994.738	1.019.000	1.043.263	1.067.525	1.091.787	1.116.048	1.140.310	1.164.572
45	994.520	1.019.383	1.044.245	1.069.108	1.093.972	1.118.835	1.143.697	1.168.560	1.193.424
46	1.019.164	1.044.643	1.070.122	1.095.601	1.121.080	1.146.559	1.172.038	1.197.517	1.222.997
47	1.044.425	1.070.536	1.096.646	1.122.757	1.148.867	1.174.979	1.201.090	1.227.200	1.253.311
48	1.070.317	1.097.075	1.123.833	1.150.591	1.177.349	1.204.106	1.230.864	1.257.623	1.284.381
49	1.096.108	1.123.511	1.150.913	1.178.316	1.205.719	1.233.122	1.260.524	1.287.927	1.315.330
50	1.121.590	1.149.630	1.177.669	1.205.709	1.233.749	1.261.790	1.289.829	1.317.869	1.345.909
...									

Launatafla sem gildir frá 1. apríl 2025

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	452.319	463.627	474.935	486.243	497.551	508.859	520.167	531.475	542.783
2	460.035	471.536	483.036	494.537	506.038	517.539	529.040	540.541	552.042
3	467.919	479.617	491.315	503.013	514.711	526.409	538.107	549.805	561.503
4	475.974	487.874	499.773	511.673	523.572	535.471	547.371	559.270	571.169
5	483.202	495.282	507.362	519.442	531.522	543.602	555.682	567.762	579.842
6	490.607	502.872	515.138	527.403	539.668	551.933	564.198	576.463	588.729
7	498.196	510.651	523.106	535.561	548.016	560.470	572.925	585.380	597.835
8	505.978	518.627	531.277	543.926	556.576	569.225	581.875	594.524	607.174
9	513.954	526.803	539.652	552.501	565.350	578.199	591.048	603.897	616.745
10	522.128	535.182	548.235	561.288	574.341	587.394	600.448	613.501	626.554
11	530.711	543.979	557.247	570.514	583.782	597.050	610.318	623.585	636.853
12	540.045	553.546	567.047	580.548	594.049	607.550	621.052	634.553	648.054
13	549.608	563.349	577.089	590.829	604.569	618.309	632.050	645.790	659.530
14	559.412	573.398	587.383	601.368	615.354	629.339	643.324	657.310	671.295
15	569.461	583.698	597.934	612.171	626.407	640.644	654.881	669.117	683.354
16	579.761	594.255	608.749	623.243	637.737	652.231	666.725	681.219	695.713
17	587.327	602.010	616.693	631.376	646.059	660.742	675.425	690.109	704.792
18	595.155	610.034	624.913	639.792	654.670	669.549	684.428	699.307	714.186
19	603.254	618.336	633.417	648.498	663.580	678.661	693.742	708.824	723.905
20	611.628	626.919	642.210	657.501	672.791	688.082	703.373	718.663	733.954
21	620.291	635.798	651.305	666.812	682.320	697.827	713.334	728.842	744.349
22	628.882	644.604	660.327	676.049	691.771	707.493	723.215	738.937	754.659
23	637.546	653.484	669.423	685.362	701.300	717.239	733.177	749.116	765.055
24	646.984	663.159	679.333	695.508	711.683	727.857	744.032	760.206	776.381
25	657.205	673.635	690.066	706.496	722.926	739.356	755.786	772.216	788.646
26	667.660	684.351	701.043	717.734	734.426	751.117	767.809	784.500	801.192
27	679.859	696.855	713.852	730.848	747.845	764.841	781.838	798.834	815.830
28	692.344	709.652	726.961	744.269	761.578	778.886	796.195	813.504	830.812
29	705.886	723.534	741.181	758.828	776.475	794.122	811.769	829.417	847.064
30	720.112	738.115	756.118	774.120	792.123	810.126	828.129	846.132	864.134
31	736.585	754.999	773.414	791.829	810.243	828.658	847.072	865.487	883.902
32	753.452	772.289	791.125	809.961	828.798	847.634	866.470	885.307	904.143
33	769.996	789.246	808.496	827.746	846.996	866.245	885.495	904.745	923.995
34	786.945	806.618	826.292	845.965	865.639	885.313	904.986	924.660	944.333
35	806.088	826.240	846.392	866.544	886.697	906.849	927.001	947.153	967.305
36	826.014	846.665	867.315	887.965	908.616	929.266	949.916	970.567	991.217
37	846.438	867.599	888.760	909.920	931.081	952.242	973.403	994.564	1.015.725
38	867.373	889.058	910.742	932.426	954.111	975.795	997.479	1.019.164	1.040.848
39	888.832	911.053	933.273	955.494	977.715	999.936	1.022.156	1.044.377	1.066.598
40	910.827	933.598	956.368	979.139	1.001.910	1.024.680	1.047.451	1.070.222	1.092.992
41	933.371	956.705	980.040	1.003.374	1.026.708	1.050.042	1.073.377	1.096.711	1.120.045
42	956.479	980.391	1.004.303	1.028.215	1.052.127	1.076.039	1.099.951	1.123.863	1.147.775
43	980.164	1.004.669	1.029.173	1.053.677	1.078.181	1.102.685	1.127.189	1.151.693	1.176.197
44	1.004.443	1.029.554	1.054.665	1.079.776	1.104.887	1.129.998	1.155.109	1.180.220	1.205.331
45	1.029.328	1.055.061	1.080.794	1.106.528	1.132.261	1.157.994	1.183.727	1.209.460	1.235.194
46	1.054.835	1.081.206	1.107.577	1.133.948	1.160.319	1.186.689	1.213.060	1.239.431	1.265.802
47	1.080.980	1.108.005	1.135.029	1.162.054	1.189.078	1.216.103	1.243.127	1.270.152	1.297.176
48	1.107.778	1.135.473	1.163.167	1.190.861	1.218.556	1.246.250	1.273.945	1.301.639	1.329.334
49	1.134.472	1.162.834	1.191.195	1.219.557	1.247.919	1.276.281	1.304.643	1.333.004	1.361.366
50	1.160.846	1.189.867	1.218.888	1.247.909	1.276.931	1.305.952	1.334.973	1.363.994	1.393.015
...									

Launatafla sem gildir frá 1. apríl 2026

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	476.069	487.971	499.872	511.774	523.676	535.578	547.479	559.381	571.283
2	483.785	495.879	507.974	520.069	532.163	544.258	556.352	568.447	580.542
3	491.669	503.961	516.253	528.545	540.836	553.128	565.420	577.712	590.003
4	499.724	512.218	524.711	537.204	549.697	562.190	574.683	587.176	599.669
5	506.952	519.626	532.299	544.973	557.647	570.321	582.994	595.668	608.342
6	514.357	527.216	540.075	552.934	565.793	578.652	591.511	604.370	617.229
7	521.946	534.995	548.043	561.092	574.141	587.189	600.238	613.286	626.335
8	529.728	542.971	556.214	569.458	582.701	595.944	609.187	622.430	635.674
9	537.704	551.147	564.590	578.032	591.475	604.918	618.360	631.803	645.245
10	545.878	559.525	573.172	586.819	600.466	614.113	627.760	641.407	655.054
11	554.461	568.322	582.184	596.046	609.907	623.769	637.630	651.492	665.353
12	563.795	577.890	591.985	606.079	620.174	634.269	648.364	662.459	676.554
13	573.358	587.692	602.026	616.360	630.694	645.028	659.362	673.696	688.030
14	583.162	597.742	612.321	626.900	641.479	656.058	670.637	685.216	699.795
15	593.211	608.042	622.872	637.702	652.532	667.363	682.193	697.023	711.854
16	603.511	618.599	633.686	648.774	663.862	678.950	694.038	709.125	724.213
17	611.077	626.353	641.630	656.907	672.184	687.461	702.738	718.015	733.292
18	618.905	634.378	649.850	665.323	680.795	696.268	711.741	727.213	742.686
19	627.004	642.679	658.354	674.030	689.705	705.380	721.055	736.730	752.405
20	635.378	651.263	667.147	683.032	698.916	714.801	730.685	746.570	762.454
21	644.041	660.142	676.243	692.344	708.445	724.546	740.647	756.748	772.849
22	652.632	668.948	685.264	701.580	717.896	734.211	750.527	766.843	783.159
23	661.296	677.828	694.360	710.893	727.425	743.958	760.490	777.022	793.555
24	670.734	687.503	704.271	721.039	737.808	754.576	771.344	788.113	804.881
25	680.955	697.979	715.003	732.027	749.051	766.075	783.099	800.122	817.146
26	691.410	708.695	725.980	743.266	760.551	777.836	795.121	812.407	829.692
27	703.654	721.245	738.836	756.428	774.019	791.611	809.202	826.793	844.385
28	716.576	734.490	752.404	770.319	788.233	806.147	824.062	841.976	859.891
29	730.592	748.857	767.122	785.387	803.652	821.916	840.181	858.446	876.711
30	745.316	763.949	782.582	801.215	819.847	838.480	857.113	875.746	894.379
31	762.365	781.424	800.483	819.543	838.602	857.661	876.720	895.779	914.838
32	779.823	799.319	818.814	838.310	857.806	877.301	896.797	916.292	935.788
33	796.946	816.869	836.793	856.717	876.640	896.564	916.488	936.411	956.335
34	814.488	834.850	855.212	875.574	895.936	916.299	936.661	957.023	977.385
35	834.301	855.158	876.016	896.873	917.731	938.588	959.446	980.303	1.001.161
36	854.925	876.298	897.671	919.044	940.417	961.790	983.163	1.004.536	1.025.910
37	876.063	897.965	919.866	941.768	963.669	985.571	1.007.472	1.029.374	1.051.276
38	897.731	920.175	942.618	965.061	987.504	1.009.948	1.032.391	1.054.834	1.077.278
39	919.941	942.939	965.938	988.936	1.011.935	1.034.933	1.057.932	1.080.930	1.103.929
40	942.706	966.274	989.841	1.013.409	1.036.977	1.060.544	1.084.112	1.107.680	1.131.247
41	966.039	990.190	1.014.341	1.038.492	1.062.643	1.086.794	1.110.945	1.135.096	1.159.247
42	989.956	1.014.705	1.039.453	1.064.202	1.088.951	1.113.700	1.138.449	1.163.198	1.187.947
43	1.014.470	1.039.832	1.065.194	1.090.555	1.115.917	1.141.279	1.166.641	1.192.003	1.217.364
44	1.039.598	1.065.588	1.091.578	1.117.568	1.143.558	1.169.548	1.195.538	1.221.528	1.247.518
45	1.065.354	1.091.988	1.118.622	1.145.256	1.171.890	1.198.524	1.225.158	1.251.791	1.278.425
46	1.091.754	1.119.048	1.146.342	1.173.636	1.200.930	1.228.224	1.255.517	1.282.811	1.310.105
47	1.118.814	1.146.785	1.174.755	1.202.725	1.230.696	1.258.666	1.286.636	1.314.607	1.342.577
48	1.146.550	1.175.214	1.203.878	1.232.542	1.261.205	1.289.869	1.318.533	1.347.197	1.375.860
49	1.174.178	1.203.533	1.232.887	1.262.242	1.291.596	1.320.951	1.350.305	1.379.660	1.409.014
50	1.201.476	1.231.513	1.261.549	1.291.586	1.321.623	1.351.660	1.381.697	1.411.734	1.441.771
...									

Launatafla sem gildir frá 1. apríl 2027

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	499.819	512.315	524.810	537.305	549.801	562.296	574.792	587.287	599.783
2	507.535	520.223	532.911	545.600	558.288	570.977	583.665	596.353	609.042
3	515.419	528.305	541.190	554.076	566.961	579.847	592.732	605.618	618.503
4	523.474	536.561	549.648	562.735	575.822	588.909	601.996	615.083	628.169
5	530.702	543.969	557.237	570.504	583.772	597.039	610.307	623.575	636.842
6	538.107	551.560	565.013	578.465	591.918	605.371	618.823	632.276	645.729
7	545.696	559.338	572.981	586.623	600.266	613.908	627.550	641.193	654.835
8	553.478	567.315	581.152	594.989	608.826	622.663	636.500	650.337	664.174
9	561.454	575.491	589.527	603.564	617.600	631.636	645.673	659.709	673.745
10	569.628	583.869	598.110	612.350	626.591	640.832	655.073	669.313	683.554
11	578.211	592.666	607.122	621.577	636.032	650.487	664.943	679.398	693.853
12	587.545	602.233	616.922	631.611	646.299	660.988	675.677	690.365	705.054
13	597.108	612.036	626.964	641.891	656.819	671.747	686.675	701.602	716.530
14	606.912	622.085	637.258	652.431	667.604	682.777	697.949	713.122	728.295
15	616.961	632.385	647.809	663.233	678.657	694.081	709.506	724.930	740.354
16	627.261	642.942	658.624	674.305	689.987	705.669	721.350	737.032	752.713
17	634.827	650.697	666.568	682.439	698.309	714.180	730.050	745.921	761.792
18	642.655	658.721	674.788	690.854	706.920	722.987	739.053	755.120	771.186
19	650.754	667.023	683.292	699.561	715.830	732.099	748.367	764.636	780.905
20	659.128	675.607	692.085	708.563	725.041	741.520	757.998	774.476	790.954
21	667.791	684.485	701.180	717.875	734.570	751.264	767.959	784.654	801.349
22	676.382	693.292	710.202	727.111	744.021	760.930	777.840	794.749	811.659
23	685.046	702.172	719.298	736.424	753.550	770.676	787.802	804.929	822.055
24	694.484	711.846	729.208	746.571	763.933	781.295	798.657	816.019	833.381
25	704.789	722.408	740.028	757.648	775.268	792.887	810.507	828.127	845.746
26	715.609	733.500	751.390	769.280	787.170	805.060	822.951	840.841	858.731
27	728.282	746.489	764.696	782.903	801.110	819.317	837.524	855.731	873.938
28	741.656	760.197	778.738	797.280	815.821	834.363	852.904	871.445	889.987
29	756.163	775.067	793.971	812.875	831.779	850.684	869.588	888.492	907.396
30	771.402	790.687	809.972	829.257	848.542	867.827	887.112	906.397	925.682
31	789.048	808.774	828.500	848.227	867.953	887.679	907.405	927.131	946.857
32	807.117	827.295	847.473	867.651	887.829	908.007	928.185	948.362	968.540
33	824.839	845.460	866.081	886.702	907.323	927.944	948.565	969.186	989.807
34	842.995	864.070	885.144	906.219	927.294	948.369	969.444	990.519	1.011.594
35	863.501	885.089	906.676	928.264	949.851	971.439	993.027	1.014.614	1.036.202
36	884.847	906.968	929.089	951.211	973.332	995.453	1.017.574	1.039.695	1.061.816
37	906.725	929.393	952.061	974.730	997.398	1.020.066	1.042.734	1.065.402	1.088.070
38	929.152	952.381	975.609	998.838	1.022.067	1.045.296	1.068.525	1.091.753	1.114.982
39	952.139	975.942	999.746	1.023.549	1.047.353	1.071.156	1.094.960	1.118.763	1.142.567
40	975.701	1.000.093	1.024.486	1.048.878	1.073.271	1.097.663	1.122.056	1.146.448	1.170.841
41	999.850	1.024.847	1.049.843	1.074.839	1.099.836	1.124.832	1.149.828	1.174.824	1.199.821
42	1.024.604	1.050.219	1.075.834	1.101.449	1.127.065	1.152.680	1.178.295	1.203.910	1.229.525
43	1.049.977	1.076.226	1.102.476	1.128.725	1.154.974	1.181.224	1.207.473	1.233.723	1.259.972
44	1.075.984	1.102.884	1.129.783	1.156.683	1.183.583	1.210.482	1.237.382	1.264.282	1.291.181
45	1.102.642	1.130.208	1.157.774	1.185.340	1.212.906	1.240.472	1.268.038	1.295.604	1.323.170
46	1.129.966	1.158.215	1.186.464	1.214.713	1.242.962	1.271.211	1.299.460	1.327.710	1.355.959
47	1.157.973	1.186.922	1.215.871	1.244.821	1.273.770	1.302.719	1.331.669	1.360.618	1.389.567
48	1.186.680	1.216.347	1.246.014	1.275.681	1.305.348	1.335.015	1.364.682	1.394.349	1.424.016
49	1.215.275	1.245.656	1.276.038	1.306.420	1.336.802	1.367.184	1.397.566	1.427.948	1.458.330
50	1.243.527	1.274.615	1.305.704	1.336.792	1.367.880	1.398.968	1.430.056	1.461.145	1.492.233
...									

Viðauki

Launatöfluauki fyrir kjarasamningstímabilið 2024-2028

Tekinn skal upp launatöfluauki fyrir stéttarfélagið á kjarasamningstímabilinu 2024-2028. Launatöfluauka er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda hlutaðeigandi heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði en honum er ekki ætlað að tryggja þróun launakostnaðar einstakra stéttarfélaga eða starfsmanna. Samanburðarhópar á almennum markaði eru tilgreindir með bálkum Íslenskrar starfaflokkunar Hagstofu Íslands (ÍSTARF) á tilgreindu tímabili. Launatöfluauki hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkningar í kjarasamningum. Áhrif launabreytinga í tengslum við útfærslu 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinbers starfsfólks frá árinu 2016, hafa eftir atvikum ekki áhrif til lækkunar á launatöfluauka.

Samanburðarhópar heildarsamtaka

Bera skal saman þróun á launakostnaði þeirra heildarsamtaka ríkisstarfsfólks sem stéttarfélagið á aðild að, við þróun launakostnaðar sambærilegra stétta á almennum markaði. Samanburðarhópar heildarsamtaka eru sem hér segir:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Stétt á almennum markaði
BHM	Ríki	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
KÍ	Ríki	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
BSRB	Ríki	45% tæknar og sérmenntaðir (ÍSTARF bálkur 3), 35% þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5), 15% skrifstofufólk (ÍSTARF bálkur 4) og 5% sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
ASÍ	Ríki	50% verkafólk (ÍSTARF 7,8,9 og stöðutala 0,1) 43% þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5), 7% iðnaðarmenn (ÍSTARF 7 og stöðutala 2,3)

Viðmiðunartímabil og uppgjör launatöfluauka

Á gildistíma kjarasamningsins skal í þrjú skipti bera saman þróun á launakostnaði milli markaða þar sem upphaf tímabils í öllum mælingum er desember 2023. Þá skal horft til þróunar tímakaups reglulegra launa (launavísitölu Hagstofu Íslands) á viðmiðunartímabilinu en að undanskildum hækkunum tengdum útfærslu 7 gr. samkomulagsins. Auk þess skal horft til þróunar annars launakostnaðar sem samið er um í kjarasamningi og reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð s.s. hækkun iðgjalda í sjóði, breytinga á vinnufyrirkomulagi eða réttindum.

Mældur launatöfluauki miðast við útreikninga á breytingum á launavísitölu og launakostnaði sem hér segir:

Viðmiðunartímabil	Breytt launatafla tæki gildi
desember 2023 - desember 2024	1.september 2025
desember 2023 - desember 2025	1.september 2026
desember 2023 - desember 2026	1.september 2027

Leiði niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu tekur breytt launatafla gildi samkvæmt ofangreindu.

Forsenda launatöfluauka

Forsenda þess að uppgjör launatöfluauka taki gildi er að fyrir liggi samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili og að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi verið greiddar út á því tímabili. Þannig kemur ekki til uppgjors launatöfluauka hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.

Nefnd um launatöfluauka

Heildarsamtök launafólks (BHM, KÍ, BSRB og ASÍ), Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu skipa hvert um sig einn aðalfulltrúa og einn til vara en ríki tvo og tvo til vara, í nefnd sem hefur það hlutverk að skilgreina nánar hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar mælingum á þróun launakostnaðar á milli markaða. Fulltrúi ríkisins stýrir fundum nefndarinnar en nefndarmaður getur óskað eftir aðkomu og fundarstjórn ríkissáttasemjara og skal verða við því.

Nefndin skal yfirfara og staðfesta niðurstöður útreikninga hvers tímabils vegna mögulegs launatöfluauka hvers hóps ríkisstarfsmanna út frá:

1. þróun launavísitölu viðkomandi hóps m.v. þróun launavísitölu samanburðarhóps á almennum markaði að undanskildum áhrifum af útfærslu 7 gr. samkomulagsins
2. þróun annars launakostnaðar á milli markaða sem reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð

Nefndin skal leita eftir samstarfi við stjórnvöld m.a. um söfnun og vinnslu upplýsinga og meta hvort tilefni sé til að endurmeta vogir samanburðarhópa eða taka til skoðunar óvæntar breytingar í launavísitölu sem rekja megi til annarra þátta en launa eða raunverulegs vinnuframlags. Auk þess sem nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Reikningur launatöfluauka

Komi í ljós að mæld þróun launakostnaðar hlutaðeigandi heildarsamtaka sé lakari en hjá samanburðarhópnum á almennum vinnumarkaði sbr. framangreinda töflu og mismunurinn er yfir 0,5% skal launatafla skv. gr. 1.1.1 hækkuð sem nemur 80% af mældum mismun. Sé þróunin lakari á síðasta viðmiðunartímabilinu þá fellur niður skilyrði um mismun yfir 0,5% og launataflan skv. gr. 1.1.1 hækkuð sem nemur 90% af mældum mismun þann 1. september 2027. Þessi tilhögun, að bæta aðeins tiltekið hlutfall, er valin í ljósi þess að launaþróun liðins tíma og launaþróun viðkomandi hóps gæti hafa breyst frá því tímabili sem mælingin tekur til. Verði þróunin aftur á móti opinberum starfsmönnum í hag skal ekkert aðhafst.

Ef heildarfjöldi ársverka stéttarfélaga sem eiga rétt á launatöfluauka, í samræmi við skilgreiningar hér að ofan, er undir 80% af heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka skal vigta mismun í þróun launakostnaðar á milli markaða með hlutfalli þeirra ársverka stéttarfélaga sem rétt eiga á launatöfluauka með heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka. Miða skal við ársverk á síðastliðnu almanaksári. Þessi tilhögun sem felur í sér að vigta mismuninn er gerð til að fyrirbyggja ofgreiðslu launatöfluauka sem rekja mætti til þess að hlutfall þess félagsfólks með samþykktan kjarasamning og útgreidda kjarasamningsbundna hækkun væri lágt þannig að verulegt ofmat yrði á mismuni á þróun launakostnaðar á milli markaða.

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,37%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		2,70%

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka ef 70% eiga rétt á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,37%
Vigtun m.v. hlutfall samþykktra samninga og réttar til launatöfluauka (70%)		2,36%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		1,89%